

Skógræktin  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir

Hornafirði, 18. Júní 2021

## Málefni: Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt

Umhverfis-og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerir eftirfarandi athugasemdir fyrir drög að landsáætlun í skógrækt.

### Leyfisveitingar og skipulag:

Gerð er athugasemd við kafla 4.3. um meðferð skógrækta í stjórnslu sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir minnihlutaálit um Landsáætlun, skipulag, framkvæmdir og tengsl við aðrar áætlanir.

Auk þess viljum við ítreka eftirfarandi.

Í kaflanum er fjallað um veitingu framkvæmdaleyfis og gögn. Það er að sameiginlegur skilningur að nauðsynlegt sé að ferlar vegna leyfisveitinga séu skilvirkir. Það er þó ljóst að framkvæmdaleyfi vegna skógræktar verða að fara eftir sömu lögum og önnur framkvæmdaleyfi og gerðar eru sambærilegar kröfur. Við leggjum áherslu á að mikilvægt sé að þau gögn sem lögð eru fram til sveitarfélags vegna veitingu framkvæmdaleyfa séu nægilega ítarleg til þess að sveitarfélagið geti tekið upplýsta ákvörðun. Það er því mun vænlegra til þess að stjórnslu geti verið skilvirk að skilað sé inn þeim gögnum sem sveitarfélag þarf að hafa til að taka upplýsta ákvörðun fremur en að reyna að takmarka gögn sem skila þarf. Umsagnir stofnana geta verið nauðsynlegar í því ferli og óásættanlegt að gert sé lítið úr nauðsyn þeirra.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur til að áhersla í landsáætlun vegna skógræktar ætti mun fremur að beinast að því að hluta styrkfjár vegna skógræktar ætti að vera varið í ráðgjöf og aðstoð við að útbúa rétt gögn og veita nægilegar upplýsingar til þess að leyfisveitingaferli geti gengið vel fyrir sig og farið sé rétta leið að leyfisveitingum og skipulagi. Þessi ráðgjöf gæti hæglega verið á höndum Skógræktarinnar í ætt við þjónustu ráðgjafastofnun landbúnaðarins. Það er vel skiljanlegt að landeigendur og aðrir sem huga að skógrækt séu ekki vel að sér í líkum ferlum en lausnin ætti fremur að vera að veita aðstoð til þessara aðila til þess að fara að þeim kröfum sem gerðar eru en að draga úr kröfum.

Sveitarfélagið Hornafjörður telur að það sé ekki hlutverk landsáætlunar að segja til um þær kröfur um gögn sem sveitarfélag þarf til að veita framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum. Sé ætlunin að samræma slíkt þyrfti það að vera gert í samtali við sveitarfélögin.

Í drögum að áætlun segir: „Þá eru ekki lagalegar forsendur til að krefjast grenndarkynningar vegna skógræktar.“ Bent er á eftirfarandi hluta 13. gr. skipulagslag nr. 123/2010:

„ Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag [og í samræmi við]<sup>3)</sup> landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. [Um grenndarkynningu fer skv. 44. gr. með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.]<sup>4)</sup>

[Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi skv. 15. gr. skal gætt, eftir því sem við á, ákvæða IV. og VI. kafla laga um menningarminjar.]<sup>5)</sup> [Jafnframt skal gætt ákvæða laga um

Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)

verndarsvæði í byggð.]<sup>6)</sup>

[Ef óvissa er um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi alvarleg eða óafturkræf áhrif á tiltekin vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd eða minjar sem skráðar eru á C-hluta náttúruminjaskrár skv. 37. gr. sömu laga skal umsækjandi um framkvæmdaleyfi afla sérfræðilits um möguleg og veruleg áhrif á þau vistkerfi eða jarðminjar. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr slíkum áhrifum. Við mat á því hvað teljast alvarleg eða óafturkræf áhrif skal taka mið af verndarmarkmiðum 2. og 3. gr., sbr. 9. gr. laga um náttúruvernd.]“

Það er þannig skýrt að ekki einungis sé lagagrundvöllur fyrir grenndarkynningu framkvæmdaleyfis heldur beinlínis sé sveitarfélagi skylt að grenndarkynna framkvæmdaleyfi sem veitt er á grundvelli aðalskipulags nema ítarlega sé fjallað um hana í aðalskipulagi. Það skiljum við sem svo að sé fyrirhugað skógræktarsvæði ekki afmarkað sem slíkt í aðalskipulagi þá beri að grenndarkynna.

Framkvæmdir sem telja má til meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess eru framkvæmdaleyfisskyldar og því ættu leiðbeiningar í landsáætlun til sveitarfélaga að vera þess eðlis að leiðbeina um að mörkuð sé stefna í aðalskipulagi m.a. um hvenær skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld og hvenær ekki.

Það er mat Sveitarfélagsins Hornafjarðar að ferli mats á umhverfisáhrifum, skipulags og framkvæmdaleyfa sé til þess gert að skapa sem mesta sátt um framkvæmdir eins og skógrækt og að þær séu ígrundaðar og byggðar á traustum grundvelli nauðsynlegra upplýsinga. Sveitarfélaginu þykir því vægast sagt hæpið að heill kafli í landsáætlun um skógrækt fjalli um það hvernig má lágmarka þær kröfur og umfjöllun sem skógrækt fær í stjórnkerfinu og í kynningu meðal almennings og hagsmunaaðila.

#### Árekstrar við aðra landnotkun

Land er takmörkuð auðlind og því er fyrir séð að hagsmunaárekstrar verða þegar skipuleggja á nýtingu lands. Það er því mikilvægt að einstaklingar með faglegan fjölbreytileika komi að gerð áætluninnar og að samráð sé virkt við gerð hennar svo að stefnan setji ekki fram óraunhæfar áætlanir sem skarast á við til að mynda aðrar opinberar áætlanir.


#### Líffræðilegur fjölbreytileiki og náttúruvernd

Sveitarfélagið tekur undir minnihlutaálit um Landsáætlun, kafla 2. Skógrækt og náttúruvernd.

Mikilvægt er að vanda til verka þegar áætlanir eru settar fram um viðamiklar breytingar á landnotkun í formi nytjaskógræktar. Sveitarfélagið sér ekki hvernig nytjaskógrækt með innfluttum trjátegundum getur samræmst áætlunum um að varðveita sérkenni íslenskrar náttúru og endurheimt vistkerfa. Vanda þarf til verka og landsáætlun ætti að setja sér metnaðarfull markmið um skógrækt sem styður við endurheimt íslenskra vistkerfa t.d. með notkun íslenskra trjátegunda.

Án þess að gera lítið úr markmiðum um bindingu kolefnis og hlutverk skógræktar í því samhengi má ekki líta fram hjá öðrum markmiðum sem Ísland hefur sett sér sem geta skarast á við nytjaskógrækt.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagsnefndar



Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
umhverfisfulltrúi